



ÍSLENSK VERÐBRÉF



ÍV SJÓÐIR

ÍV Hlutabréfavísitala

15. mars

2015

Hlutabréfavísitala ÍV reynir að mæla fjárfestingarhæfi hlutabréfa skráðra félaga á Aðalmarkaði Nasdaq OMX í gegnum seljanleika þeirra. Seljanleiki bréfa, eins og hann er skilgreindur skv. ÍV, ákvarðar vigt bréfa í vísitölunni. Félög fá meira vægi eftir því sem áætlaður seljanleiki hlutabréfa þeirra er meiri.

Reglur og aðferðafræði

Efnisyfirlit

Vigt félaga í samræmi við seljanleika	2
Samsetning og aðferðafræði.....	2
Markaðsverðmæti	2
Velta á markaði.....	2
Umfang samninga um viðskiptavakt.....	3
Reglur.....	4

Hlutabréfavisitala ÍV – Reglur og aðferðafræði

Vigt félaga í samræmi við seljanleika

Hlutabréfavisitala ÍV reynir að mæla fjárfestingarhæfi hlutabréfa skráðra félaga á Aðalmarkaði Nasdaq OMX í gegnum seljanleika þeirra. Seljanleiki bréfa, eins og hann er skilgreindur skv. ÍV, ákvarðar vigt bréfa í vísitölunni. Félög fá meira vægi eftir því sem áætlaður seljanleiki hlutabréfa þeirra er meiri.

Tekin er afstaða til þess hversu fljótlegt og auðvelt er að koma bréfum í verð með sem minnstum afföllum.

Tekið er tillit til þriggja þátta sem hver og einn gefur ákveðna sýn á seljanleika bréfa og þar með fjárfestingarhæfi þeirra í samanburði við önnur skráð bréf, óháð tegund eða gæðum undirliggjandi rekstrar eða atvinnugreinar. Þessir þættir eru; *markaðsverðmæti, velta bréfa á markaði og virkni og umfang samninga um viðskiptavakt.*

Samsetning og aðferðafræði

Vægi einstakra þátta er ákvarðað:

40% - Markaðsverðmæti (MVi)

40% - Velta sl. 6 mánaða (VEi)

20% - Umfang samninga um viðskiptavakt (Ki)

$$Wi = 0,4Xi + 0,4Zi + 0,2Qi$$

Vægi hvers hlutabréfs Wi er 40% vegna markaðsverðs (Xi), 40% vegna veltu (Zi) og 20% vegna viðskiptavaktar (Qi).

Markaðsvirði félags og velta með hlutabréf þess á markaði sýnir hversu seljanleg bréfin eru í sögulegu ljósi, en virkni viðskiptavaktar sýnir hversu mikið aðilar að samningi um viðskiptavakt eru skuldbundnir til að selja á einum viðskiptadegi og þar með hversu mikið er mögulegt að selja á markaði, án samhengis við sögulega þróun.

Markaðsverðmæti (MVi) er skilgreint sem skráð verð útgefina hlutabréfa félags á markaði hverju sinni margfaldað með fjölda útgefina hluta. Félög fá vægi í réttu samhengi við hlutfall markaðsverðmætis þeirra af heildarmarkaðsvirði félaga sem teljast tæk sem hluti af vísitölunni. Þannig fær félag sem stendur fyrir 20% af heildarmarkaðsvirði tækra félaga 8% vægi innan heildarvísitölnnar mv. 40% vægi markaðsverðmætis.

$$Xi = \frac{MVi(t-1)}{\sum_{i=1}^n MVi(t-1)}$$

MVi er markaðsverð hvers hlutabréfs.

Xi sýnir því vægi hvers hlutabréfs út frá markaðsverði.

n er fjöldi félaga sem tæk eru í vísitöluna.

Velta á markaði (VEi) er skilgreind sem samanlögð velta með hlutabréf í félagi sl. 6 mánuði. Félög fá vægi í réttu samhengi við hlutfall veltu með hlutabréf þeirra af samanlagðri heildarveltu félaga sem

teljast tæk sem hluti af vísitölunni. Þannig fær félag sem stendur fyrir 30% af heildarveltu tækra félaga 12% vægi innan heildarvísitölunnar m.v. 40% vægi veltu. Vegna þess að mæld er 6 mánaða velta fá nýskráð félög eðli máls samkvæmt minna vægi en önnur þar til þau ná jafn langri veltusögu.

$$Z_i = \frac{VE_i}{\sum_{i=1}^n VE_i}$$

VE_i er velta með hlutabréf á markaði síðustu 6 mánuði.

Z_i er því vægi hvers hlutabréfs út frá veltu.

n er fjöldi félaga sem tæk eru í vísitöluna.

Umfang samninga um viðskiptavakt (K_i) er gefið upp í samningi milli aðila sem annað hvort heildar nafnvirði eða heildar markaðsvirði sem viðkomandi kauphallaraðilar, einn eða fleiri, eru skuldbundnir til að kaupa eða selja innan hvers viðskiptadags. Slíkir samningar eru til þess gerðir að bæta verðmyndun með viðkomandi hlutabréf og tilboð sett fram á hlutabréfamarkaði í samhengi við slíka samninga eru í raun utan hefðbundins framboðs og eftirspurnar. ÍV umreiknar nafnvirði í markaðsverð til samanburðar hverju sinni. Félög fá vægi í samhengi við hlutfall markaðsverðmætis samninga um viðskiptavakt af heildar markaðsvirði viðkomandi félags. Félag fær aukið vægi eftir því sem hlutfall umfangs samninga um viðskiptavakt af heildar markaðsvirði er hærra. Þannig fær félag sem hefur gert samninga um viðskiptavakt þar sem fram kemur að 4% af markaðsvirði þess sé til sölu eða kaups hverju sinni innan eins viðskiptadags meira vægi en félag sem hefur gert sambærilega samninga um 3% af markaðsvirði sínu. Því er best lýst þannig að innan vísitölu sem inniheldur 5 félög sem hafa gert samninga um viðskiptavakt á 3%, 4%, 2%, 5% og 1% af markaðsvirði sínu, fær það félag sem hefur samið um 4% viðskiptavakt 5,33% vægi ($4\% / (3\% + 4\% + 2\% + 5\% + 1\%) * 20\% = 5,33\%$) innan heildarvísitölunnar m.v. 20% vægi umfangs samninga um viðskiptavakt.

$$Q_i = \frac{K_i}{\sum_{i=1}^n K_i}$$

K_i er hlutfall viðskiptavaktar af heildarmarkaðsverði.

Q_i er því vægi hvers hlutabréfs út frá viðskiptavakt.

n er fjöldi félaga sem tæk eru í vísitöluna.

Gildi vísitölunnar er því reiknað á eftirfarandi hátt:

$$Ve = Ve(t-1) * (1 + \sum_{i=1}^n Wi * Ri)$$

Gildi vísitölunnar Ve er því er því gildið daginn áður $Ve(t-1)$ margfaldað með summuni af vægi hvers hlutabréfs margfaldað með ávöxtun þess að viðbættum einum.

W_i er vægi í vísitölunni og R_i er ávöxtun hlutabréfs.

n er fjöldi félaga sem tæk eru í vísitöluna.

Arðgreiðslur eru endurfjárfestar aftur í réttum hlutföllum innan vísitölunnar og því mælir vísitalan heildarávöxtun.

Reglur

1. Hlutabréfavísitala ÍV inniheldur hlutabréf sem skráð eru á Aðalmarkað Nasdaq OMX á Íslandi.
2. Útilokuð eru þau bréf sem ekki hafa virka samninga við kauphallaraðila um viðskiptavakt.
3. Til að félag teljist tækt í vísitöluna skal hlutfall viðskiptadaga með bréf þess sem hlutfall af heildarviðskiptadögum undanfarinna 6 mánaða nema a.m.k. 70%.
Sé félag nýskráð og með skemmri viðskiptasögu en til 6 mánaða skal hlutfallið reiknað út frá fjölda viðskiptadaga frá skráningu félagsins fram að endurskoðunardegi vísitölnnar.
4. Samsetning vísitölnnar er endurskoðuð einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Ný samsetning er gefin út á heimasíðu ÍV, www.iv.is, 15 dögum áður en breytingin tekur gildi:
 - a. Endurskoðun 15. mars => Tekur gildi 1. apríl
 - b. Endurskoðun 15. júní => Tekur gildi 1. júlí
 - c. Endurskoðun 15. september => Tekur gildi 1. október
 - d. Endurskoðun 15. desember => Tekur gildi 1. janúar
5. Falli niður samningar um viðskiptavakt með bréf ákveðins félags eða ef eiga sér stað breytingar á samningum um viðskiptavakt, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar uppfærast vægi félags sem um ræðir við næstu endurskoðun.
6. Tilkynni félag afskráningu af Aðalmarkaði Nasdaq OMX fellur það sjálfkrafa úr vísitölu við næstu reglubundnu endurskoðun eftir að opinber tilkynning berst. Ef ekki kemur til reglubundin endurskoðun áður en félag er formlega afskráð kallar það á auka endurskoðun daginn sem formleg afskráning fer fram. Ný samsetning vísitölnnar tekur þá gildi næsta viðskiptadag.
7. Sé nýtt félag skráð á Aðalmarkað Nasdaq OMX telst það tækt í vísitöluna þegar það hefur verið skráð í 30 daga að lágmarki á endurskoðunardegi vísitölnnar. Ný samsetning vísitölnnar tekur gildi við næstu reglubundnu endurskoðun eftir að lágmarki er náð.
8. Velta vegna skráningarútboða og hlutafjárukninga skal útilokuð við útreikning á vægi félags í vísitölnni.

Framangreindar reglur vísitölnnar eru endurmetnar í heild einu sinni á ári og breytingar útgefnar samhliða reglubundinni endurskoðun á samsetningu hennar í mars á ári hverju.